

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Brynjar Þór Jónasson  
Dags. 14. september 2018  
Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

## Málefni hverfisráða 2017-2018, ærslabelgur.

Varðar fyrirspurn Daníels Jakobssonar, formanns bæjarráðs, dagsetta 14. september 2018.

1. Hver tók ákvörðun um kaup á belgnum og staðsetningu hans.
  2. Samræmist staðsetning hans aðalskipulagi (ekki deiliskipulagi) sem er nýrra en deiliskipulagið sem vitnað er í minnisblaði Brynjars frá í morgun og hverfisvernd Túngötu.
  3. Mætti td. með sömu rökum og notuð voru við val á staðsetningu setja hann hvar sem er á sjúkrahústúnið og jafnvel inn í kirkjugarðinn.
- 
1. Hverfisráð Eyrar og efribæjar tekur ákvörðun um að nýta það fé sem þeim er ætlað árið 2017 til kaupa á ærslabelg. Eftirfarandi er úr fundargerð ráðsins frá 24.10.2017 „*Hverfisráð eyrar og efribæjar óskar eftir því að fjármunir núverandi árs fari í að keyptur verði Ærslabelgur sem settur yrði upp á árinu 2018 á túnið við gamla sjúkrahúsið, vinstra megin við húsið, í skotin við trén*“. Fundargerðin fer fyrir bæjarráð 13.11.17 þar sem fundargerðinni er vísað til frekari úrvinnslu í umhverfis- og framkvæmdanefnd og íþrótt- og tómstundanefnd. Fundargerðin er lögð fram til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanefnd 21.11.17 og íþrótt- og tómstundanefnd 6.12.17, í báðum tilfellum án athugasemda.
  2. Samkvæmt Aðalskipulagi er svæðið á reit P12, opið svæði til sérstakra nota, sem er skilgreint í reglugerð, sem var í gildi á þeim tíma, á þennan hátt (ný reglugerð 2013):

### 4.12 Opin svæði til sérstakra nota.

#### 4.12.1 Skilgreining opinna svæða til sérstakra nota.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallýbrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

#### 4.12.2 Opin svæði til sérstakra nota í skipulagsáætlunum.

Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Gera skal grein fyrir megindráttum svæðanna og skýra helstu atriði sem varða útvistaradstöðu og tengsl þeirra við byggð.

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir mannvirkjagerð, efnisnotkun og litavali, gróðri og girðingum, bílastæðum og frárennsli o.fl.

Hverfisvernd skv. Aðalskipulagi H8 nær yfir ansi stórt svæði og miðast að mestu við gerð húsa, viðhald og niðurrif. Hverfisvernd Túngötu, innan H8, fellur undir kafla 7.4.4 í Aðalskipulagi þar er tekið sérstaklega fram ákvæði sem varða umhverfi: „*Umhverfi húsa og á almenningsvæðum skal vera í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Þetta á við um girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, almenningsbekki o.þ.h. Hugað skal að heildar ásýnd hverfisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. hellulögnum gatna og gangstétta. Fyrirkomulag lýsingar skal ákveðið í rammaskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir, þannig að lýsingin undirstriki einkenni byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Á Ísafirði miðist starfsemi á jarðhæð Aðalstrætis, frá Silfurgötu að Skipagötu og Hafnarstrætis, frá Pólgötu að Aðalstræti, við daglega viðskiptavini. Á sama svæði verði gluggar verslunarhúsnæðis gegnsær. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu*

*og menningar á svæðinu. Gömul örnefni og gönguleiðir verði endurvakin og notuð. Jafnframt verði aðgengi almennings að menningar- og náttúruminjum tryggt.*“ allir leikvællir á eyrinni heyra undir þessa hverfisvernd.

3. Það mætti í raun setja belginn hvar sem er innan opnasvæðisins að undanskildu Þjóðminjasvæði, skv. Aðalskipulagi, kirkjugarðurinn er ekki þar undir.